

M-102/2011. Álit 16. febrúar 2012.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. febrúar 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-102/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 2. nóvember 2011 bað X, hér eftir nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notuðum bíl af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir bílinn hafa verið haldinn galla og vill rifta kaupunum þannig að greiðslur gangi til baka.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. hinn 3. nóvember 2011 var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 16. nóvember 2011. Hinn 17. nóvember voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andvaranna. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og skilaði athugasemdum sínum 22. nóvember 2011. Seljandi fékk athugasemdir álitsbeiðanda sendar hinn 25. nóvember til upplýsinga og var einnig gefinn kostur á að koma sínum athugasemdum á framfæri við nefndina ef einhverjar væru. Seljandi nýtti sér þá heimild og skilaði þeim athugunum til nefndarinnar hinn 8. desember 2011. Álitsbeiðandi fékk þær athugasemdir sendar hinn 6. janúar 2011 og bent á heimild hans til að hafa uppi enn frekari athugasemdir. Ekki voru gerðar frekari athugasemdir í málinu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Hinn 15. október keypti álitsbeiðandi notaða bifreið af gerðinni Ford Explorer árgerð 1996 af seljanda. Bifreiðin var ekin 222.000 km og kostaði kr. 450.000.

Álitsbeiðandi segist hafa keypt bílinn á bílasölunni Z og að bílasalan hafi ekki skoðað bílinn sérstaklega. Segir álitsbeiðandi að þegar hún hafi skoðað bílinn hafi hann verið í gangi. Hún hafi reynsluekið bifreiðinni með vini sínum og ekki séð betur en allt væri í lagi með hana. Álitsbeiðandi kveðst ekki vera bifvélavirki og hafi til að mynda ekki orðið vör við vandamál með mæli í mælaborði, en bensínælirinn er bilaður og rokkar upp og niður í ósamræmi við eldsneytismagn bifreiðarinnar.

Álitsbeiðandi segist hafa keypt bifreiðina eftir þessa skoðun. Hins vegar hafi bifreiðin ekki farið í gang daginn eftir þegar hún ætlaði til vinnu. Segist álitsbeiðandi hafa þurft að fá start á hverjum morgni til að komast til vinnu og aftur til að komast heim að loknum vinnudegi. Þá segir álitsbeiðandi hurðalæsingu einnig vera bilaða og bensínslanga festist í bensínopinun þegar hún reyni að dæla á bílinn. Álitsbeiðandi segist hafa farið með bifreiðina á verkstæði A og þar hafi starfsmaðurinn B sagt að allt rafkerfi bílsins væri ónýtt.

Álitsbeiðandi segist greinilega hafa keypt gallaða vöru, bifreiðin hafi verið haldin leyndum galla. Hún vill að kaupin gangi til baka þannig að greiðslur beggja aðila verði

endurgreiddar. Segir álitshbeiddandi seljanda ekki svara símtölum frá henni né bílasölunni enda viti hann upp á sig skömmina.

IV

Andsvör seljanda

Bróðir seljanda skilaði ítarlegum andsvörum fyrir hönd Y þar eð bifreiðin var í eigu þeirra beggja þrátt fyrir að vera skráð á annan þeirra. Segir í andsvörum að málflutningur álitshbeiddanda sé fullur af rangfærslum og að sýnt verði fram á það í andsvörunum að ekkert sé að bifreiðinni. Vandamálið stafi af rangri notkun á bifreiðinni sem leiði til rafmagnsleysis. Ítarleg andsvör seljanda eru svohljóðandi:

„Þann 14/10/2011 fékk ég hringingu frá Z um hvort ég gæti sýnt áhugasömum kaupanda bifreiðina klukkan 17:30, ég var komin þar um 17:20.

Dráp ég á bílnum og beið inni hjá bílasalanum í um 20 mín þar til X kom ásamt fleirum til að skoða bílinn, ég rétti henni bíllykla inni og við fórum öll úti bíl og hún setti bílinn í gang og við fórum öll í smá bíltúr, hún var mjög ánægð með bílinn og vildi kaupa hann, ég benti henni á að bensínmaelir væri í ólagi, virtist detta stundum út og ekki væri hægt að treysta á hann.

Vinur hennar sagði að það væri ekkert mál því hann ætti vin sem gæti reddað því.

Við fórum aftur inn til bílasalann og þar sagðist hún vilja bílinn en ætti ekki nema 300þ.kr í peningum og restina um mánaðarmót en ásett verð á bílinn var 490.þ.kr.

Ég sagðist ætla að hugsa málið til morguns þar sem hún gat ekki boðið neina tryggingu og bílasalinn sagði að í raun væri það eina sem hægt væri að gera að geyma eigendaskipta tilkynninguna þar til fullnaðargreiðsla kæmi.

Á laugardeginum 15 október hafði ég sambandi við C hjá Z og sagði honum að ég ætlaði að treysta því að hún myndi greiða restina um mánaðarmót og hann hafði samband við X og ákváðum við tíma, þegar við vorum að ganga frá þessu þá sagðist hún vera búin að skaffa pening fyrir allri upphæðinni og ég sagði henni í vitnaviðurvist(C bílasala) að ég ætlaði að lækka verðið niður í 450.þ.kr vegna bilunar í eldsneytismælirnum, var hún og fylgdarlið mjög sátt við það og var því gengið frá kaupunum og tók X við bílnum þar.

Á þriðjudeginum 18 okt fæ ég hringingu frá X um að bílinn sé rafmagnslaus, ég verð mjög hissa þar sem þessi bíl hefur aldrei á þeim tíma sem við höfum átt hann orðið rafmagnslaus, þrátt fyrir að hann hafi stundum staðið í viku og uppí 2 vikur og alltaf dottið í gang og ég rýk til hennar strax eftir vinnu, tek eftir því að um leið og ég tengi startkapla á bílinn þá kvikna aðalljósin á bílnum.

Bílinn dettur í gang og er látin ganga í góða stund og virðist allt vera í fínu lagi svo það er gengið út frá því að það hafi bara gleymst að slökkva ljósin.

Ég fæ svo sms frá henni næsta morgun, þann 19 okt um að bílinn sé aftur rafmagnslaus, ég sendi til baka að ég kæmist ekki til að kíkja á þetta fyrr en eftir vinnu, kem svo rúmlega 17 til hennar en þá hafði hún fengið start annarsstaðar fyrr um daginn og notað bílinn og hann var í fínu ástandi þegar ég kom, ég hafði fengið álagsmælir fyrir rafgeyma lánaðan og mældi rafgeymirinn undir álagi og hann var í fínu lagi, ég sýndi henni það en benti henni á að það væri í lægri kantinu rafmagnið á geyminum, hún þyrfti að nota bílinn í lengri ferðir meðan hann væri að ná sér upp.

Hún ákvað samt að fara á rafgeymaverkstæði daginn eftir og fá nýjan rafgeymir, þeir mældu rafgeymirinn sem var í bílnum og sögðu að hann væri í lagi en hún vildi samt fá nýjan rafgeymir þrátt fyrir að það væri ekki þörf á því(þetta er það sem hún sagði mér).

Þriðjudagsmorguninn 25 okt fæ ég sent sms um að bíllinn sé rafmagnslaus enn einu sinni, ég sendi til baka að ég skuli koma eftir vinnu og sækja bílinn og fara yfir hann til að sjá hvort það væri einhver bilun eða útleiðsla í honum þar sem þetta hefur aldrei verið vandamál í þessum bíl.

Ég sæki svo bílinn seinnipart og fer með hann til félaga míns og við förum að skoða rafkerfið, við fundum eftir mikla leit einn vír sem væri smá útleiðsla í, ekki samt nógu mikil til að valda svona miklu rafmagnsleysi en löguðum það engu að síður, ég fór svo á bílnum heim og hann datt í gang næsta morgun, svo stóð hann fyrir utan vinnuna hjá mér í 11 klukkutíma(framá kvöld) og datt þá aftur í gang svo ég fór með bílinn aftur til hennar X með þeim skilaboðum að hann virki fínt hjá mér, þessi útleiðsla sem við fundum væri ekki nægjanleg til að tæma rafgeymirinn, hann hefði bæði rokið í gang um morguninn og um kvöldið svo ég sé ekkert að bílnum.

Laugardaginn 29 okt fæ ég sms frá X um að bíllinn sé rafmagnslaus, ég hringi í hana seinnipart og þá segir hún mér að hún sé búin að vera rífast við mömmu sína og held systur sína um að hún hefði aldrei átt að kaupa svona gamlan bíl og ætti bara að skila honum.

Ég sagði henni að þetta væri 15 ára gamall bíl sem væri ekin yfir 220.000km svo þetta væri ekki nýtt og margt orðið slitið í bílnum og ég væri orðin soldið þreyttur á þessum endalausum hlaupum því þessi bíll hefði alla mína tíð verið í toppstandi og aldrei orðið rafmagnslaus eða bilað, hefði runnið í gegnum skoðun athugasemdalest fyrir í sumar svo ég væri búin að fá nóg af þessu, skildi samt koma einu sinni en til að skoða bílinn en það yrði ekki fyrir en á sunnudeginum.

Ég sæki bílinn á sunnudeginum eftir að hafa rætt við nokkra menn sem þekkja til þessara amerísku bíla og einn þeirra benti mér á að kanna hvort það gæti verið að hún væri að snúa svisslyklinum of langt til baka þar sem á amerískum bílum er hægt að fara einu þrepi lengra en núllið og þá hleypir það straum á útvarp, rúðupurrkur og rafmagnsrúður hvort sem er kveikt á þessu eða ekki þá tekur þetta mikin straum svona.

Svissinn í bílnum er eðlilega farin að slitna eftir þessi 15 ár og svo það er hægt að ná lyklinum úr þó svo að hann sé ekki á núllstöðu, þetta var þó aldrei vandamál hjá mér né minni konu eða börnum mínum á þeim tíma sem við bræður áttum bílinn og þó fóru þau ekki á neitt námskeið varðandi þennan bíl.

Þegar ég kem að bílnum þá kík á á stöðuna á sviss og sé að þetta er málið, hann er á útvarpssvissstillingu, ég spurði hana úti hvort hún tæki ekki eftir því að það væri kveikt á klukkunni á útvarpinu en þá sagði hún(X) að hún sneri lyklinum alltaf eins langt og hún gæti, tæki lykilinn úr svissinum og slökkti á útvarpinu.

Ég sagði henni að þetta væri ástæðan fyrir öllu þessu rafmagnsleysi þar sem hún væri fór að tala um að skila honum því mamma hennar og systir létu sig ekki í friði með þetta, þarna var líka sonur hennar(líklega um tvítugur) og fór hann að hóta mér með að safna saman vinum sínum og sækja bara peningana sem hún borgaði fyrir bílinn, þetta var ég

ekki að sætta mig við og spurði hvort hann væri að hóta mér og hann endurtók þá að hann ætti fullt af vinum til að koma og sækja peningana.

Þarna fullyrða þau bæði að þau séu búin að tala við bílasöluna og þeir segji að þau megi skila bílnum og ég verði að endurgreiða þeim.

Ég sagði að það væri rangt því ekki hefði ég heyrt neitt frá bílasölnunni varðandi það og benti henni að hún skildi halda aftur af þessum syni sínum því það væri ekkert að bílnum, það væri bara verið að nota hann rangt og það væri ekki mitt hlutverk að kenna fólki á bíla en ég skildi taka bílinn í síðasta sinn og fara með hann á sérhæft rafmagnsverkstæði og láta mæla hann út.

Þegar ég kom heim þá hringdi ég í Neyðarlínuna 112 og tilkynnti þessa hótun sem ég hafði fengið frá syni hennar X og bentu þeir mér á að ef ég yrði var við einhverjar skrítnar mannaferðir eða að þeir myndu birtast að hringja strax en að öðru leyti skildi ég hringja á skrifstofu lögreglunar á opnunartíma sem ég og gerði.

Á mánudeginum 31 okt fer ég með bílinn á rafmagnsverkstæði D en þeir er meðal annars með ísetningar á rafbúnaði í bíla sem og einnig með þjónstu og ísetningar fyrir rafgeyma ofl.

Þar lýsi ég sögunni fyrir E sem er yfirmaður þar og bið hann um að kíkja á bílinn því ég skilji ekki afhverju þessi vandræði byrja allt í einu við eigendaskipti.

Í stuttu máli þá fann hann ekkert að bílnum, straumnotkun væri með því minnsta sem hann hefði séð en það væri búíð að ganga á rafgeymirinn, greinilega orðið rafmagnslaus og ekki búin að ná fullri hleðslu en kom ég með hann lítið hlaðin til hans.

Um leið og hann setti svissinn í þá stöðu sem X skildi alltaf við bílinn þá rauk rafmagnsnotkun uppúr öllu valdi enda búíð að hleypa straum á marga notendur.

E bauðst til að hafa bílinn í hleðslu yfir nóttina fyrir mig í þeirra tækjum sem eru jú tæki fagmanna og ég skildi sækja hann næsta morgun.

Þegar ég sótti bílinn að morgni 1 nóv mældi E aftur útleiðslu og staðfesti að hún væri næstum engin, það væri alltaf pínulítill notkun fyrir tölvur ofl en það væri eðlilegt, einnig álgasmældi hann rafgeymir bílsins og var hann búin að ná 73% hleðslu og benti hann mér á að það þyrfti að taka kannski 1-2 tíma bíltúr til að hann næði sér vel á strik, að öðru leyti væri ekkert að rafkerfi bílsins og sagðist hann ætla að senda mér á tölvupósti lýsingu á þessu sem og hann gerði og fylgir hún með þessum tölvupósti.

Ég fór með bílinn beint til hennar X með þeim orðum að það væri ekkert að bílnum heldur væri hún bara að gera þetta sjálf með klaufaskap og afskiptum mínum af þessum bíl væri lokið, bílinn væri í fínu lagi og ég hefði vottorð uppá það og hún skildi halda aftur af þessum syni sínum og vinum hans þar sem bílinn væri ekki vandamálið, það væri greinilegt að það ætti að reyna skila bílnum vegna ósættis innan fjölskyldunar og það kæmi mér bara ekki við.

Rétt fyrir klukkan 14 þennan dag fæ ég hringingu frá C í Z þar sem hann segir að hún sé komin til hans og hún hafi labbað úr breiðholtinu því bílinn væri bilaður og að hann ætti að segja mér að hún vildi skila bílnum.

Ég rakti söguna fyrir honum og að ég væri nýbúinn að sækja bílinn hjá Þjónusutverkstæði D og að þar hafi verið gengið úr skugga um að ekki væri nein útleiðsla í bílnum. Einnig benti ég C á að ég teldi þetta stafa af rangri notkun X á bílnum með því að skilja svissinn

Í útvarpsstöðunni eins og ég tók fram hér að ofan. Hafnaði ég því að hún gæti skilað bílnum, ég sagði honum á að núna væri þetta bara komið í einhverja vitleysu því þó svo að t.d. bílinn hefði verið skilin eftir með fullum ljósum (sem ég gerði ekki) um morguninn þá væri hann ekki orðin rafmagnslaus 2 tímum seinna þegar hún sagðist þurfa að nota hann.

Núna væri ég orðin fullsaddur af þessu máli þar sem það væri ekkert að bílnum heldur væri “bilunin” röng notkun eiganda bílsins.

Næsta sem ég veit að ég fæ senda kvörtun/kæru frá Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa neytandastofu sem er svo uppfull af rangfærslum, ósannindum og tilvitnunum sem standast enganvegin og svo yfirlýsingu sem er höfð eftir einhverjum B sem segir að rafkerfi bílsins sé ónýtt og einnig að ég svari ekki símtölum frá henni né bílasölnni.

Nú skulum við rekja þennan ósanninda- og rangfærsluvef X:

1. Bílasali skoðar aldrei bíla sem þeir eru að selja, það er mál kaupanda því bílasalinn sér eingöngu um milligöngu sölunar, um að hún sé lögleg og rétt.

2. Hún lýgur til um að bílinn hafi verið í gangi þegar hún kom að skoða hann, ég var búin að sitja inná bílasölnni í 20 mín og bíða eftir henni, ég rétti henni lykilinn inni þegar við vorum að fara prófa og skoða bílinn, C sölumaður Z er vitni af því.

3. Hún lýgur um að hafa ekki vitað af bensínmaðlirinn væri bilaður, ég sagði henni það og einhverjum ungum vini hennar (sem talaði íslensku og var að þýða fyrir hana) sem var einnig með henni ásamt móður og held bróður og þessi vinur hennar sagði að það væri ekkert mál því hann ætti vin sem myndi redda því.

4. Fjarstýrð hurðalæsing á þessum bíl hefur aldrei verið biluð og hún aldrei minnst á það en eðlilega virkar hún ekki ef bílinn er rafmagnslaus, segir sig sjálf.

5. Hún segir að bensínslanga hafi fests þegar hún var að setja bensín á bílinn, Ég velti fyrir mér hvort að X eigi ekki að fara á þjónustustöð og láta dæla fyrir sig þar sem ég kannast ekkert við að það sé einhverjum vandkvæðum háð að dæla á bílinn bensíni.

6. Hún segist hafa farið með bílinn til einhvers B sem segir að rafkerfi bílsins sé ónýtt, Þessu er alfarið hafnað í ljósi þess að Þjónustuverkstæði D sem sérhæfir sig í rafbúnaðarísetningum og rafgeymum og ísetningum þeirra hefur staðfest að ekkert sé að finna að rafkerfi bílsins, varðandi útleiðslu og þess háttar sem getur valdið því rafmagnsleysi sem X lýsir. Vitna ég í meðfylgjandi vottorð frá yfirmanni Þjónustuverkstæðis D.

7. Hún fullyrðir að ég hafi aldrei svarað símtölum frá henni né bílasölnni, hún reyndar segir F en hann er bróðir minn og var skráður fyrir bílnum, hann hefur aldrei komið nálægt þessum viðskiptum að öðru leyti en að skrifa undir umboð til mín fyrir sölnni.

Ég hef svarað hverju einasta símtali eða hringt til baka eins fljótt og ég hef haft tök á hvort sem það er símtöl frá henni eða bílasölnni, það getur C sölumaður staðfest, þ.e.a.s varðandi símtöl frá bílasölnni.

8. Ég talaði við C sölumann hjá Z þar sem hún hefur fullyrt það við mig og einnig sonur hennar að bílasalinn hafi sagt að hún mætti skila bílnum og ég ætti að endurgreiða, C var ekki sáttur við að þetta væri haft eftir honum enda ekki sagt það.

Hann var heldur ekki ánægður með hvernig hún dregur þá inní þessa kvörtun/kæru með því að segja að þeir hafi ekki skoðað bílninn fyrir sölu.

Ég er orðin ansi þreyttur á þessu máli og verð að segja að ég sé ekki hvernig það á að vera mitt mál þó svo að konan sé í einhverju stríði innan sinnar fjölskyldu vegna þess að hún keypti bíl sem henni langaði í en er greinilega ekki eftir forskrift fjölskyldunar.

Ég tel mig vera er búin að vera eins lipur og hægt er í þessu máli, reyndar eru flestir í kringum mig hissa hvað ég hef látið hana komast upp með mikið en ég ákvað að klára málið með því að láta skoða bílninn á hlutlausu rafbúnaðarverkstæði og á meðfylgjandi plaggi sem E hjá D sendi mér í tölvupósti sést það svart á hvítu að það er ekkert að bílnum.

Eins og sést á upptalningu á málinu hér fyrir ofan þá hef ég lagt mig fram um að hjálpa X við að finna út hvort að einhver útleiðsla sé í bílnum, ég hef farið til hennar, gefið henni start, skoðað rafkerfi bílsins sjálfur, sent bílninn á viðurkennt rafbúnaðarverkstæði (D) og fengið yfirlýsingu þess efnis að ekkert sé að rafkerfi bílsins. Þetta hefur kostað mig mikinn tíma, og þó nokkurn tilkostnað.“

Í ljósi alls framangreinds hafnar seljandi kröfum álitsbeiðanda og vísar að auki til meðfylgjandi staðfestingar frá D um ástands rafkerfis bifreiðarinnar.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum sakar álitsbeiðandi seljanda um lygar og kveður bifreiðina gallaða. Segir hún rafkerfið slæmt í bifreiðinni, það hafi hún fengið staðfest hjá viðgerðarmanni á verkstæði. Álitsbeiðandi segir seljanda hafa vitað um ástand bílsins en engu að síður selt sér „sorp“. Segir álitsbeiðandi að síðast þegar hún hafi látið seljanda vita um vandamálið hafi seljandi spurt hvort hún ætti hleðslutæki fyrir rafgeymi, sem hún á auðvitað ekki enda ekki með verkstæði heima hjá sér. Álitsbeiðandi segir allt það sem fram kemur um fjölskyldu sína í andsvörum seljanda vera lygar, þau myndu öll vilja að bifreiðin virkaði rétt en því miður sé ekki svo.

Álitsbeiðandi segist hafa ekið bílum í 15 ár og spyr hvernig það geti staðist að hún kunni allt í einu ekki að gangsetja bíl. Álitsbeiðandi segir að í hvert sinn sem seljandi hafi komið og litið á bílninn hafi hann aðeins gefið henni straum til að starta bílnum. Það hafi hins vegar alltaf dugað skammt því næsta dag sé bíllinn straumlaus á ný vegna vandamálsins.

Álitsbeiðandi segir seljanda koma óheiðarlega fram og að enginn Íslendingur myndi borga svo hátt verð fyrir bíl í slíku ástandi. Álitsbeiðandi segir að seljandi eigi ekki að komast

upp með að stela peningunum sínum með þessum hætti þar sem bíllinn hans virki ekki. Segir álitsbeiðandi að seljandi eigi að endurgreiða sér kaupverðið.

VI

Frekari athugasemdir seljanda

Seljandi segir orðaval og rógburð álitsbeiðanda ekki svaraverðan. Segist seljandi telja að þeir bræður séu búnir að sýna fram á það með gögnum að ekkert er að bifreiðinni. Bendir seljandi á að álitsbeiðandi hafi engin gögn sem styðja málstað hennar og kveðst nú þegar hafa sýnt álitsbeiðanda mikil liðlegheit í málinu með aðstoð langt umfram það sem þeim bræðrum bar. Það hafi bæði kostað tíma og fyrirhöfn.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur málsaðila fellur undir lög um lausafjárkaup nr. 50/2000 (lkpl), sbr. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Í a-lið 2. mgr. 17. gr. lkpl. segir að ef annað leiði ekki af samningi skuli söluhlutur henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til. Í 4. mgr. 17. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1. og 2. mgr. ákvæðisins. Í 1. mgr. 21. gr. kemur fram að við mat á því hvort söluhlutur sé gallaður skuli miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til kaupanda, jafnvel þótt gallinn hafi ekki komið fram fyrr en síðar. Loks segir í 1. mgr. 13. gr. að áhættan flyst yfir til kaupanda þegar söluhlutur hefur verið afhentur í samræmi við ákvæði samnings eða í samræmi við ákvæði 6. eða 7. gr.

Meðal gagna málsins er skriflegur kaupsamningur aðila frá 15. október 2011. Í skilmálum samningsins kemur fram að ökutækið seljist „í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“ Þá kemur einnig fram í skilmálum samningsins að seljandi staðfesti áreiðanleika gagna og upplýsinga er varða ástand ökutækisins og ber ábyrgð á að þær séu réttar og ítarlega. Ennfremur staðfestir álitsbeiðandi í samningnum með undirritun sinni að bifreiðasali hafi vakið athygli hans á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins og bent á skoðunarskyldu kaupanda.

Í 1. mgr. 19. gr. lkpl. segir að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum almennum fyrirvara geti hann verið gallaður undir ákveðnum kringumstæðum. Til að um galla sé að ræða í skilningi ákvæðisins þurfa skilyrði a, b eða c-liðar 1. mgr. 19. gr. að vera fyrir hendi. Skilyrðin í staflaðunum eru svohljóðandi:

- a) hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b) seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c) ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur álitsbeiðanda ekki hafa sýnt fram á að bifreiðin sem hún keypti svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. a-lið 1. mgr. 19. gr. lkpl. Kærunefndin telur einnig ósannað að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 19. gr. lkpl. Í því samhengi ber að hafa í huga að álitsbeiðandi styðst ekki við nein áreiðanleg gögn varðandi fullyrðingar sínar um að rafkerfi bifreiðarinnar sé ónýtt allt eins og það leggur sig og að seljandi hafi verið grandsamur um það. Álítur kærunefndin þvert á móti að rafkerfi bifreiðarinnar sé í ágætu standi eins og gögn frá þjónustuverkstæði D staðfesta. Hins vegar getur þurft að hlaða rafgeyminn til fulls svo ekki þurfi sífelld að gefa bifreiðinni straum þegar álitsbeiðandi hyggst gangsetja hana. Telur kærunefndin rök fyrir því að rafgeymirinn hafi tæmst vegna þess að straumur hafi enn verið á ýmsum búnaði bifreiðarinnar eftir að álitsbeiðandi slökkti á bifreiðinni. Þrátt fyrir að kærunefndin telji að álitsbeiðandi hefði með réttu átt að fá upplýsingar um þetta atriði við kaupin telur hún nefndin ekki að um eiginlega vanrækslu sé að ræða í skilningi b-liðar 1. mgr. 19. gr. og felst ekki á að um atriði sé að ræða sem verulegu máli skiptir varðandi bifreiðina.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa álítur að miðað við hvernig mál þetta liggur fyrir verði ekki á því byggt að bifreiðin hafi verið haldin galla í skilningi c-liðar 1. mgr. 19. gr. lkpl. Þannig telur nefndin að ekki hafi með neinu móti verið sýnt fram á að ástand bifreiðarinnar sé til muna verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvika að öðru leyti. Um er að ræða meira en 15 ára gamlan bíl sem ekinn var meira en 220.000 km og kostaði kr. 450.000.

Álitsbeiðandi ber því við að rafkerfi bifreiðarinnar sé ónýtt. Við þann máltilbúnað sinn styðst álitsbeiðandi ekki við nein viðhlítandi gögn og er raunar ekkert í málinu sem bendir til að svo sé. Einu gögnin í málinu varðandi rafbúnað bifreiðarinnar sýna fram á hið þveröfuga, að ekkert athugavert sé við ástand og virkni rafkerfisins nema að fullhlaða þurfi rafgeyminn með meiri hleðslu eða lengri keyrslu. Í ljósi framangreinds telur kærunefndin að álitsbeiðandi hafi ekki sýnt fram á að bifreiðin hafi verið gölluð og hafnar þegar af þeirri ástæðu kröfum hennar um riftun kaupanna og endurgreiðslu kaupverðs.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir